

ÚRSKURÐUR

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 4/1998

Páll Björgvinsson

gegn

Samkeppnisstofnun

I.

Með bréfi, dags. 29. janúar 1998, er barst áfrýjunarnefnd samkeppnismála 2. febrúar s.á., framsendi iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið erindi Páls Björgvinssonar vegna málsmeðferðar Samkeppnisstofnunar á kæru hans um fákeppni borgar og ríkis á sviði mannvirkja hönnunar, til áfrýjunarnefndarinnar. Í bréfi ráðuneytisins kemur fram að það telji að slík erindi eigi undir þær stjórnslustofnanir sem samkeppnislög geri ráð fyrir, sbr. 1. mgr. 5. gr. samkeppnislaga.

Með bréfi dags. 12. mars sl. var Páli tjáð að áfrýjunarnefndin teldi álitamál hvort hún hafi að lögum vald til að úrskurða um fyrrgreint erindi. Jafnframt var honum veittur frestur til að koma að athugasemdum um það álitaefni til 20. mars sl. Samkeppnisstofnun var einnig veitt tækifæri á að koma fram með athugasemdir.

II.

Forsaga þessa máls er sú að með bréfi, dags. 21. maí 1997, sendi Páll Björgvinsson inn kæru til Samkeppnisstofnunar. Með bréfi til stofnunarinnar, dags. 24. nóvember s.á., óskaði Páll eftir upplýsingum um gang máls síns. Páll fékk ekki svar við þeirri fyrirspurn sinni. Með bréfi til Samkeppnisráðs, dags. 10. desember 1997, fór Páll fram á að fá upplýsingar um það hvernig hann gæti kært þessa afgreiðslu Samkeppnisstofnunar.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 6. janúar 1998, var Páli Björgvinssyni bent á ákvæði 4. mgr. 9. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 og að af

Því leiði að unnt væri að beina kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála vegna málsmeðferðarinnar.

Með bréfi, dags. 26. janúar 1998, leitaði Páll með erindi sitt til iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis sem, eins og fyrr segir, framsendi það til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

III.

Niðurstöður.

Samkeppnisstofnun og Páll Björgvinsson hafa skilað greinargerðum í þessum þætti málsins sem báðar eru dagsettar 19. mars sl. Svo sem fram er komið snýst mál þetta um málsmeðferð Samkeppnisstofnunar vegna kæru Páls sem varðar fákeppni borgar og ríkis á sviði mannvirkja hönnunar. Telur Páll að meðferð máls hans hafi dregist óhæfilega lengi í meðförum Samkeppnisstofnunar og hefur leitast við að rétta hlut sinn að þeim sökum. Kæra hans hefur enn ekki hlotið afgreiðslu hjá samkeppnisyfirköndum en málið er þar til afgreiðslu.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. samkeppnislaga sæta ákvarðanir samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Ákvörðun hefur enn ekki verið tekin í umræddu máli. Af því leiðir að áfrýjunarnefnd brestur heimild til að fjalla um það. Ber því að vísa kæru þessari frá áfrýjunarnefnd.

IV.

Úrskurðarorð.

Máli þessu er vísað frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Reykjavík, 24. mars 1998.

Stefán Már Stefánsson

Magnús Haukur Magnússon

Kirstín Flygenring